



# Framkvæmda- fréttir 14. tbl. /09



Vinna er hafin að nýju við Mjóafjarðarbrú í Ísafjarðardjúpi eftir vetrardvala. Unnið er að sandblæstri og húðun á suðum stál-virkis. Brúin verður líklega opnuð fyrir umferð síðsumars. Ljósmynd 4. júní 2009. Sigurður Mar Óskarsson.

## Auglýsingar útboða

### Festun og yfirlögn á Norðaustur- svæði 2009-2010 09-040

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í festun með froðubiki og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðaustursvæði 2009-2010. Um er að ræða 8 vegkafla, alls um 16,4 km.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki ..... 112.600 m<sup>2</sup>

Tvöföld klæðing ..... 112.600 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu-  
deginum 15. júní 2009. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 30. júní 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2009, Hringvegur (1) um Hafnarmela -malbik 09-039

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í hjólfarafyllingar á bundnu slitlagi, framleiðslu - , flutning - og útlögn á malbiki á Hringvegi (1) um Hafnarmela, á vegarkafla sem er alls um 3,35 km langur.

Helstu magntölur eru:

Hjólfarafylling ..... 16.800 m<sup>2</sup>

Framleiðsla og flutningur malbiks ... 2.760 tonn

Líming ..... 25.000 m<sup>2</sup>

Malbik ..... 25.150 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðarinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 15. júní 2009. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 30. júní 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 14. tbl. 17. árg. nr. 527 15. júní 2009

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:

**Viktor Arnar**

**Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:

**Gunnar Gunnarsson**

Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**

**Framkvæmdafréttir**

**Borgartúni 7**

**105 Reykjavík**

eða með tölvupósti til:

**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Vegagerð í Norðurárdal í Skagafirði í apríl 2007. Mynd: Hafdís E. Jónsdóttir.

## Ekki sama vegsvæði og veghelgunarsvæði

(Pessi frétt birtist á veggerdin.is 15.05.2009)

Þann 14. maí sl. féll dómur í Hæstarétti um ágreining vegna eignarnáms frá árinu 2006 þegar nýr Hringvegur var lagður í landi Fremri- og Ytri-Kota í Norðurárdal í Skagafirði. Stefnendur héldu því fram að ávallt ætti að taka eignarnámi að lágmarki 60 m breitt veghelgunarsvæði stofnvega en Vegagerðin taldi aðeins þörf á að taka 40 m breitt vegsvæði eignarnámi eins og algengast er þegar um 2ja akreina stofnvegi er að ræða.

Matsnefnd eignarnámsbóta vísaði til 33. gr. þágildandi vegalaga og úrskurðaði bætur fyrir 60 m breitt vegsvæði. Hæstiréttur hafnaði því með þeim rökum að því hefði ekki verið hnekktt að vegsvæði innan veggirðinga í landi umræddrar jarðar væri að jafnaði innan við 40 m breitt.

Landeigendur gætu nýtt land sitt allt að þeim mörkum og af þeim sökum ekki tilefni til að ætla að eignarnámið tæki

til 60 m breiðs vegsvæðis þrátt fyrir að sækja þurfi um leyfi Vegagerðarinnar fyrir hvers kyns mannvirkjum á veghelgunarsvæði. Jafnframt var vísað til þess, að eldri vegur, sem að hluta til er nýttur sem reið- og rekstrarleið í samræmi við ákvæði framkvæmdaleyfis sveitarfélags, hefði ekki í för með sér sambærilega kvöð og vegsvæði þjóðvegur.

Í þessum dómi kemur skýrt fram sá munur sem er á vegsvæði og veghelgunarsvæði þjóðvega. Með veghelgunarsvæði er átt við það land meðfram vegum, þar sem skylt er að fá leyfi Vegagerðarinnar fyrir hverskyns mannvirkjum, og er ýmist 60 m breitt (30+30) ef um stofnvegi er að ræða, eða 30 m breitt (15+15) ef um aðra vegi er að ræða.

Vegsvæðið er hins vegar land sem nauðsynlegt er vegarins vegna, til að hægt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not, eins og það er nú orðað í 8. tll. 3. gr. vegalaga



Bolungarvíkurgöng 8. júní. Gröftur gekk misjafnlega í viku 23. Frá Hnífsdal voru sprengdir 50 m og er heildarlengd þeim megin 1.803 m. Frá Bolungarvík voru sprengdir 11 m og er heildarlengd þeim megin 1.769 m. Samtals er því búið að sprengja 3.572 m eða 69,3% af heildarlengd.



Vestmannaeyjar nálgast. Frá hafnargerð í Bakkafjöru. Mynd 3. júní 2009. Sigurður K. Jóhannsson.

## Bakkafjöruvegur, staða framkvæmda í viku 23

Grjótröðun í varnargarða er lokið en endanlegur frágangur er eftir að innanverðu og í toppinn. Fyllingar eru komnar að mestu leyti í Bakkafjöruveg nema á milli stöðva 1.000-2.200 en þar á eftir að taka upp mold sem verður nýtt í fláafleyga. Stefnt er að því að vinna við Bakkaveg þegar vinna við brimvarnargarð fellur niður vegna veðurs. Nú er búið að fylla neðri hluta fyllinga í um 500 m af Bakkavegi frá Bakkafjöruvegi. Verktaki er búinn að setja undirgöng undir

Hringveginn vegna grjóftlutninga og farinn að nota þau en á eftir að setja vegrið meðfram Hringveginum. Vinna við girðingar hefst fljótlega.

nr. 80/2007. Vegagerðinni er ekki skylt að bæta að fullu allt veghelgunarsvæði þjóðvega heldur aðeins það land sem telst til vegsvæðis þjóðvegarins.

Með þessum dómi er eytt réttaróvissu að þessu leyti sem hlotist hefur af úrskurðum matsnefndar eignarnámsbóta en stefnubreyting varð hjá nefndinni á árinu 2005 hvað þetta varðar. Þetta mál var sláandi að því leyti að vegsvæðið í landi Kota er óvenju mjótt á köflum svo að eftir er tekið þannig að sú niðurstaða að bæta 60 m var mjög óeðlileg.

## Niðurstöður útboða

### Yfirlagnir á Suðursvæði 2009, klæðingar 09-017

Tilboð opnuð 9. júní 2009. Yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði 2009. Heildarlengd yfirlagna er u.þ.b. 64 km.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir, klæðing (K1), útlögn . . . . . 400.000 m<sup>2</sup>

Hjólfarafylling (K1), útlögn . . . . . 40.000 m<sup>2</sup>

Verklok eru 1. september 2009.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Vegamál ehf., Reykjavík	69.200.000	128,6	19.200
3	Borgarverk ehf., Borgarnesi	61.500.000	114,3	11.500
---	Áætlaður verktakakostnaður *)	53.800.000	100,0	3.800
2	Slitlag ehf., Hellu	50.400.000	93,7	400
1	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	50.000.000	92,9	0

\*) Á opnunarfundi var lesin upp tala fyrir áætlaðan verktakakostnað sem reyndist vera rangt reiknuð. Rétt tala er 53.800.000 kr. og er hún færð í töfluna hér að ofan.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
09-034 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrækka - Fossvellir, tvöföldun	09
09-027 Skíðadalsvegur (807), Skáldalækur - Brautarhóll	09
08-011 Kísilvegur (87), Hólasandur - Geitafellsá, 2. áfangi	09
09-082 Hörgárdalsvegur (815), Skríða - Brakandi	09
09-006 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhammsvegur, eftirlit	09
09-007 Hringvegur (1), Hafravatnsvegur - Þingvallavegur	09
09-008 Hringvegur (1), Hafravatnsvegur - Þingvallavegur, eftirlit	09
09-019 Efnisvinnsla Suðursvæði 2009	09

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
08-039 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2009, Hringvegur (1) um Hafnarmela, malbik	15.06.09	30.06.09
08-040 Festun og yfirlögn, á Norðaustursvæði 2009-2010	15.06.09	30.06.09
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Húnavellir	08.06.09	23.06.09
09-017 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, malbik á Akureyri	08.06.09	23.06.09
09-001 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhammsvegur	11.05.09	23.06.09

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
09-017 Yfirlagnir Suðursvæði 2009, klæðingar	25.05.09	09.06.09
09-026 Hringvegur (1), um Ystu-Rjúkandi	18.05.09	02.06.09
09-033 Hringvegur (1) um Hellu 2. áfangi	11.05.09	26.05.09
09-028 Vetrarþjónusta 2009-2012, Stykkishólmur um Vatnaleið að Snæfellsnesvegi	11.05.09	26.05.09
09-013 Vetrarþjónusta á Holtavörðuheidi 2009-2012	11.05.09	23.06.09

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
08-085 Laxárdalsvegur (59), Höskuldsstaðir - Leiðólfsstaðir	11.05.09	26.05.09
09-014 Vetrarþjónusta á Snæfellsnesvegi 2009-2012, Vatnaleið - Ólafsvík	11.05.09	26.05.09
09-032 Langholtsvegur (318) Hringvegur - Ármótavegamót	04.05.09	19.05.09
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	29.04.09	19.05.09
09-010 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, norðurhluti, klæðing	27.04.09	12.05.09
09-015 Vetrarþjónusta 2009-2012, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur	27.04.09	12.05.09
09-020 Vetrarþjónusta Suðursvæði 2009-2014, Hellisheiði og Árborgarhringur	27.04.09	12.05.09
09-016 Vetrarþjónusta Suðursvæði 2009-2014, uppsveitir Árnessýslu	27.04.09	12.05.09
09-021 Brú á Hvítá á Bræðratunguvegi, eftirlit	27.04.09	12.05.09
09-030 Hvammstangavegur (72), um Hvammstanga	20.04.09	05.05.09
09-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, austurhluti, klæðing	20.04.09	05.05.09
09-022 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, „repave“	06.04.09	21.04.09
08-009 Raufarhafnarvegur (874) Hófaskarðsleið - Flugvöllur	23.03.09	15.04.09
08-064 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	16.03.09	31.03.09
08-034 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	23.02.09	07.04.09

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
09-005 Efnisvinnsla Norðvestursvæði, Bitrufjörður <i>Króksverk ehf., Sauðárkróki</i>	07.04.09	21.04.09
09-023 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, malbik <i>Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf.</i>	21.04.09	25.05.09
09-018 Yfirlagnir Suðursvæði 2009, malbik <i>Malbikunarstöðin Höfði hf.</i>	19.05.09	05.06.09



Ný brú í byggingu yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi. Ljósmynd 4. júní 2009. Sigurður Mar Óskarsson.